

ingsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðinn, dags. í gær, og lagðri fram í málinu, var kærði, Fritz Passarge, fæddur 22. janúar 1888, staddur á landhelgissvæðinu í nánd við Ingólfshöfða á skipinu O. N. 106, Altona frá Nordenham, og dróg inn botnvörpuna.

Kærði hefir kannast við, að hann hafi verið með skip sitt fyrir innan landhelgislinuna, en kveður ástæðuna til þess þá, að hann hafi óttast árekstur við Óðinn, og þá hafi straumur og vindur átt þátt í því, að hann lenti inn á landhelgissvæðinu.

Samkvæmt þessum framburði kærða og hinni framlögðu skýrslu varðsupsins, er sýnir, að samkvæmt 2 mælingum, teknum kl. 7,38 og kl. 7,50, var kærði með skip sitt fyrir innan landhelgislinuna, þykir fyllilega sannað, að kærði hefir gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og þykir refsing hans með tilliti til þess að um fyrsta brot hans er að ræða á þessum lögum og með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 81,60 úr gullkrónu, hæfilega ákveðin 12500 kr. sekt, er greiddist innan fjöggra vikna og renni í Landhelgissjóð Íslands. En fáist hún ekki greidd ber kærða að afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 5. febr. 1930.

Nr. 102/1929.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)
gegn

Ernst Steeje (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 7. júní

1929: Kærði, Ernst Steeje, á innan fjöggra vikna að greiða sekt til Landhelgisjórðs Íslands að upphæð kr. 12500.00, en afpláni hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd.

Ennfremur skulu veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir sem og allur afli innanborðs í togaranum »Alexander Rabe« frá Geestemünde, P. G. 257, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkv. mörkun forstöðumanns stýrimannaskólans á hornamælingum og miðunum varðskipsins »Þór« á sjóbréfi, sem lagt hefir verið fram í réttinum, var varðskipið kl. 10,4 að kvöldi, hinn 5. júní f. á., statt suður af Reyni og afstaða þess til skips kærða og nokkurra staða á landi á þessa leið:

Togarinn	> 30° 40'
Pétursey	> 13° 50'
Portlandsviti	> 46° 10'
Hatta	

En kl. 10,13 var afstaðan:

Togarinn	> 35° 45'
Pétursey	> 31° 20'
Portlandsviti	> 36° 0'
Hatta	

Og samkv. miðunarlinum varðskipsins til botnvörpungsins, var botnvörpungurinn, sem kom að vestan

og stefndi austur kl. 10,4 og kl. 10,13 nefnt kvöld í miðunarlínunum frá varðskipinu og liggja báðar þær línur langsamlega innan landhelgi.

Að þessu athuguðu og svo hinu, að botnvörpungurinn kastaði stjórnbörðsvörpu kl. 10 að kvöldi 5. júní, kl. 12 eftir þýzkum tíma, og að hann sigldi út frá landi frá kl. 10,14 til kl. 10,52, er hann var tekinn á stað, sem á sjóbréfinu, samkv. hornamæl-ingum varðsupsins, er markaður:

Drangshlíðarfjall
 $> 39^{\circ} 15'$

Pétursey
 $> 52^{\circ} 35'$

Portlandsviti

með stjórnbörðsvörpu í sjó, 1,3 sjóm. utan landhelgi, þá er það sannað, að kærði hefir gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5/1920.

Ber því samkv. þessu og að öðru leyti samkv. forsendum lögregluréttardómsins að staðfesta dóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, meðal annars sóknar- og varnarlaun hér í rétti og eru þau ákveðin 80 kr., hvor um sig.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ernst Steeje, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sóknar- og varnar-

laun málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Kærði í máli þessu, Ernst Steeje, fæddur 16. febrúar 1889, er sakaður um að hafa veitt á skipi sínu, togaranum »Alexander Rabe« frá Geestemünde, P. G. 257, á landhelgissvæðinu fyrir vestan Portland.

Nánari atvik eru þau, sem hér segir:

Kl. 10 e. h. hinn 5. þ. m. var varðskipið »Þór« statt suður af Reynisfjalli og sá þá fyrst togarann.

Varðskipið kom að austan. Kærði hefir kannast við það, að einmitt um þetta leyti, nl. kl. 12 eftir þýzkum tíma, hafi hann kastað vörpu sinni út. Þá er og upplýst í málinu, að togarinn kom að vestan og lá fyrst þegar hann kastaði vörpunni S.A.—S., en beygði síðan út frá landinu til stjórnborða.

Kl. 10,52 kom varðskipið að togaranum. Var þá látin út boja, og staður hennar mældur og reyndist 1,3 sjómilur fyrir utan landhelgislinuna. Hefir kærði kannast við, að þessi mæling sé rétt.

Kærði hefir haldið því fram fyrir réttinum, að »Þór« hafi ekki getað tekið nákvæmar mælingar fyrir þá sök, hve sjór hafi verið mikill, en til þessarar staðhæfingar kærða þykir ekki rétt að taka tillit, þar sem bæði skipherra og 1. stýrim. á varðskipinu fullyrða, að þetta náí engri átt. Enda þykja hreyfingar togarans, bornar saman við mælingar varðskipsins benda til þess, að þær séu réttar. Því mælingar varðskipsins teknar kl. 10,04, kl. 10,13 og kl. 10,23 sýna, að þá var togarinn einmitt um það leyti, er hann kastaði út vörpunni, eins og áður sagt í línu, sem ótvírætt liggur um landhelgissvæðið, en eðlilegt, að hann væri kominn lítið eitt út fyrir landhelgislinuna, þegar varðskipið kom að honum, þar sem hann sneri á stjórnborða eða með öðrum orðum út frá landinu.

Samkvæmt framanskráðu, og þar sem upplýst er, að kærður var með vörpuna á eftir sér — var að draga inn stjórnborðsvörpuna þegar varðskipið kom að honum — verður að telja nægilega sannað, að hann hafi gjört sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í land-

helgi, enda hefir kærður kannazt við, að skeð gæti, að hann hafi aðeins snert landhelgislinuna um leið og hann kastaði. Með því að hér er um fyrsta brot kærða á þessum lögum að ræða, og með hliðsjón af því, að dagsgengi krónunnar er 81,60 úr gullkrónu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12500 00, sem greiðist innan fjöggra vikna til Landhelgis-sjóðs Íslands, en afplánist með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 7. febr. 1930.

Nr. 138/1929.

Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson)
gegn

Þórarni Guðmundssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn hafnarreglugjörð.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 1. júní 1929: Kærði, Þórarinn Guðmundsson, hér, á að vera sýkn fyrir kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Dómur hæstaréttar.

Þann 25. apríl f. á. kom vélbáturinn Örn, VE. 173, sem kærði var formaður á, úr fiskiróðri inn í höfn Vestmannaeyja og lagðist við hlið annars vélbáts, er lá við hafnarbryggjuna og var að afferma afla sinn. Er sá bátur hafði lokið affermingunni og farið frá bryggjunni, flutti kærði bát sinn að bryggjunni til affermingar. En er kærði var að festa bátinn við bryggjuna, bannaði eftirlitsmaður bryggjunnar, Kristján Egilsson, kærða að fara í hið auða pláss við bryggjuna til affermingar, þar sem affermingarstaðurinn væri lofaður öðrum vélbáti, er komið hafði úr fiskiróðri á